

Til handhafa EES útboðsgagna „Hnoðraholt 1.áfangi – Gatnagerð og lagnir“ fyrir Garðabæ.

Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Ágætu viðtakendur.

Eftirfarandi fyrirspurn sem barst áframsendist hér ásamt svari verkkaupa.

Fyrirspurn 1: Í kafla 3.3.5 stendur skrifað í 3ju málsgrein að “Niðurfalabrunnar skulu gerðir úr steiptum rörum, 400mm að innanmáli”.

Er ekki rétt að Steypustöðin er að hætta framleiðslu á steiptum rörum líka ?

Svar: í stað þriðju málsgreinar í útboðsgögnum

„Niðurfalabrunnar skulu gerðir úr steiptum rörum, 400 mm að innanmáli. Dýpi sandfangs skal vera 800 mm, mælt frá rennslisbotni niðurfallsleggs. Lágmarkshæð ofan á niðurfallslegg frá yfirborði er 1000 mm. Undir niðurfallsbrunn skal koma 150 mm þykk steypa. Í hana skal fella 500x500x60 hellu og skal niðurfallsbrunnurinn standa ofan á henni. Vatnslásinn skal gera með sérstöku þar til gerðu greinstykki og hné, sjá sérteikningu.“

kemur textinn:

„Verktaka er heimilt að nota hvort sem er stein- eða plaströr í niðurföll í þessu verki. Vakin er athygli á því að sá framleiðandi sem séð hefur íslenska markaðnum fyrir steiptu lagnaefni hefur ákveðið að hætta þeirri starfsemi. Því getur bjóðandi þurft að panta efnið í niðurföllin erlendis frá hyggist hann nota steinrör.

Niðurfalabrunnar skulu vera 400 mm að innanmáli. Dýpi sandfangs skal vera 800 mm, mælt frá rennslisbotni niðurfallsleggs. Lágmarkshæð ofan á niðurfallslegg frá yfirborði er 1000 mm. Undir niðurfallsbrunn skal koma 150 mm þykk steypa. Í hana skal fella 500x500x60 hellu og skal niðurfallsbrunnurinn standa ofan á henni. Vatnslásinn skal gera með sérstöku þar til gerðu greinstykki og hné, sjá sérteikningu.

Séu notuð niðurföll úr plasti skal verktaki útfæra topp brunnsins þannig að tryggt sé að álag á rist skili sér út í fyllinguna umhverfis niðurfallið en aldrei á niðurfallið sjálft.“

Viðauki þessi er nú hluti ofangreindra útboðsgagna.

Garðabær 25.2.2022